

Innanríkisráðuneyti  
Erindi sent rafrænt á postur@irr.is

Ísafirði 2. júlí 2014.

*Umsögn; umræðuskjal er varðar undirbúning reglugerða á grundvelli nýrra laga um framkvæmdarvald og stjórnáslu ríkis í héraði og breytingu á lögreglulögum.*

Vísað er til fréttar á heimasíðu innanríkisráðuneytisins þann 6. júní 2014 er varðar tvö umræðuskjöl um mörk stjórnásluumdæma sýslumanna og lögreglustjóra. Skjölin eru sett fram í framhaldi samþykktar Alþingis á lögum nr 50 / 2014 um framkvæmdarvald og stjórnáslu ríkis í héraði og lögum nr 51/2014, breyting á lögreglulögum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) leitaði álits aðildarsveitarfélaga sinna á framangreindu umræðuskjöllum og fylgja þau álit í viðauka með þessari umsögn. Stjórn FV fjallaði síðan um málið á fundi sínum þann 26. júní s.l.

Í fundargerð stjórnar FV segir;

*Framkvæmdastjóri kynnti drög að umsögn til ráðuneytisins sem byggir á álitum sveitarfélaganna og umsögn FV til Alþingis frá byrjun þessa árs við frumvarp til framangreinda laga. Rætt um efni umsagnar og framkvæmdastjóra falið að vinna umsögn á grunni umræðu á fundinum og leggja að nýju fyrir stjórn.*

*Til grundvallar verði settar fram tillögur um að aðalskrifstofa lögreglu verði á Patreksfirði og aðalskrifstofa sýslumanns verði á Ísafirði. Fjármagn verði aukið til að tryggja stöðgildi löglærðra fulltrúa á öllum sýsluskrifstofum. Að auki verði tryggt að fjármagn sé í takti við erfða stöðu heilsárssamgangna þannig að greið samskipti (ferðalög) séu á milli starfstöðva sýslumanna og lögreglu líkt og í öðrum landshlutum.*

Framangreind samþykkt stjórnar FV tilkynnist hér með innanríkisráðuneyti og vísast nánar til meðfylgjandi greinargerðar.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

Viðaukar, álit Strandabyggðar, Reykhólahrepps, Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps, Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar.

**Greinargerð; Umsögn um umræðuskjal er varðar undirbúning reglugerða á grundvelli nýrra laga um framkvæmdarvald og stjórnábylgja ríkis í héraði og breytingu á lögreglulögum.**

Vísað er til fréttar á heimasíðu innanríkisráðuneytisins þann 6. júní 2014 er varðar tvö umræðuskjöl um mörk stjórnábylgjluumdæma sýslumanna og lögreglustjóra. Skjölin eru sett fram í framhaldi af birtingu nýrra laga nr 50 / 2014 um framkvæmdarvald og stjórnábylgja ríkis í héraði og lög nr 51/2014, breyting á lögreglulögum.

Í umræðuskjali segir; *að annars vegar að ákveða í reglugerð hver umdæmamörk embættanna verða. Sú ákvörðun skal taka mið af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæminu og skal hún tekin að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og viðkomandi sýslumenn.*

*Hins vegar að ákveða í reglugerð hvar aðalskrifstofur sýslumanna skuli staðsettar. Ráðherra ákveður einnig, að höfðu samráði við viðkomandi sýslumann, hvar aðrar sýsluskifstofur verða starfræktar og hvaða þjónustu þar skuli veita.*

Einnig segir í erindi ráðuneytisins að verið sé að; *gefa umsagnaraðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri .... [um] atriði sem ráðherra ákveður með setningu reglugerðar í kjölfar umsagna.. Hugmyndir ráðuneytisins eru settar fram eru valkostir til umræðu og skoðanaskipta en ekki endanlegar tillögur.*

Fjórðungssamband Vestfirðingab (FV) sem landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum hefur tekið til umfjöllunar tilgreint umræðuskjal og jafnframt leitað umsagnar aðildarsveitarfélaga sambandsins á Vestfjörðum.

Við umfjöllun málsins er horft til þeirra sjónarmiða sem ráðuneytið hefur lagt niður fyrir sig, við mótun valkosta, nánar tiltekið.

- *Að ný umdæmamörk taki mið af samstarfi sveitarfélaga í landshlutasamtökum.*
- *Að sem minnst röskun verði á skipulagi og starfsemi nýrra sýslumannsembætta.*
- *Að tryggð verði áframhaldandi öflug þjónusta í hverju umdæmi um sig, allt eftir aðstæðum. Það verði gert með því að tryggja að starfsemi verði áfram þar sem hún er fyrir í dag, þó að breytingar kunni að eiga sér stað á henni.*
- *Að aðalskrifstofa sýslumannsembættis verði í öðru bæjarfélagi en aðalstöð lögregluembættis. Þannig megi komast hjá röskun í byggðalegu tilliti.*

Í umfjöllun um framangreind mál á Alþingi lýsti Fjórðungssamband Vestfirðinga stuðningi við framkvæmd þess en með skýrum fyrirvörum. Í umsögn FV til allsherjarnefndar Alþingis um frumvörp til laga á 143. löggjafarþingi mál 250 *um framkvæmdarvald og stjórnábylgja ríkisins í héraði* og mál 251 *breyting á lögreglulögum* segir;

*[FV styður] markmið frumvarpsins og þeim áherslum sem lagðar eru til grundvallar þ.e..*

- að gera skýr skil á verkefnum löggæslu, ákærvalds og sýslumanna
- að auka skilvirkni í stjórnarsýslu ríkisins í héraði
- að efla starfsemi stofnana á landsbyggðinni með tilfærslu verkefna
- nýta aukið hagræði af bættum samgöngum og gagnaflutningi

*Stuðningur FV er með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til núverandi stöðu landssamgangna og gagnaflutningskerfis á Vestfjörðum við innleiðingu laganna. Ekki eru til staðar heilsárssamgöngur á milli nema hluta núverandi umdæma sýslumannsembætta á Vestfjörðum, þ.e. á milli Bolungarvíkur, Ísafjarðar og Hólmavíkur. Heilsárssamgöngur eru ekki við Patreksfjörð. Í gagnaflutningskerfi vantar tengingu með ljósleiðara til Hólmavíkur við önnur embætti á Vestfjörðum og við landið í heild.*

*Samkvæmt gildandi samgönguáætlun og fjarskiptaáætlun er gert ráð fyrir úrbótum á þessum sviðum á Vestfjörðum. Óvissa er um nákvæma tímasetningu verkefna en miða má við árabilið 2018 til 2020 sé þeim að mestu lokið, nema að aukið fjármagn verði sett til þeirra.*

*FV telur því mikilvægt að framlög til sýslumannsembættis á Vestfjörðum verði aukin við gildistöku laganna m.t.t. að mæta þeim auka tilkostnaði sem staða samgöngukerfa á Vestfjörðum leiðir af sér. Ljóst má vera að starfstöðvar þurfa að hafa faglegt sjálfstæði og því er mikilvægt að fjölga löglærðum fulltrúum. Í dag er t.d. enginn löglærður fulltrúi á Patreksfirði. Þessi aðgerð eykur einnig möguleika að flytja verkefni til þessara starfsstöðva. Í annan stað eru og verða mun meiri fjarlægðir á milli starfsstöðva en annarsstaðar í landinu og verður að gera ráð fyrir auknum ferðakostnaði vegna þessa.*

### **Álit sveitarfélaga.**

FV leitaði álits aðildarsveitarfélaga sambandsins um málið, svör þeirra fylgja með í viðauka en í stuttu máli birtist afstaða þeirra sem hér segir;

Í áliti Vesturbyggðar er lagst gegn hugmyndum umræðuskjals um staðsetningu aðalskrifsstofu sýslumanns í Bolungarvík ef sá flutningur tengist byggðarökum. Bent er á nálægð sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum og greiðar samgöngur þar á milli sem samanlagt gefi færi á sameiningu þeirra í nálægum tíma. Gangi tillögurnar fram þá telur Vesturbyggð, með vísan til stöðu heilsárssamgangna í dag, að taka yrði til skoðunnar hvort umdæmi Sýslumanns á Vesturlandi yrði stækkað og skrifstofa á Patreksfirði myndi heyrja þar undir.

Í áliti sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps eru aðdragandi og setning frumvarpsins hörmuð og að ekki hafi verið nýtt tækifæri að hafa öflugt samráð með sveitarfélögum um staðsetningu starfsemi hins opinbera. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps bendir síðan á að staða heilsárssamgangna myndi freklega mismuna íbúum í aðgengi að þjónustu sýslumanns.

Í áliti Strandabyggðar er bent á að staða heilsárssamgangna í dag setur Hólmavík miðsvæðis á Vestfirði og staðsetning aðalskrifstofu sýslumanns eða lögreglu í því tilliti, heppileg. Auk þess að vera næst höfuðborgarsvæði á landvegi. Efling starfsemi á Hólmavík myndi einnig að mati Strandabyggðar hafa mest áhrif byggðalega séð m.t.t. hlutfallslega mestri fjölgun starfa og þar með íbúa.

Í álitu Reykhólahrepps er tekið undir áherslur umræðuskjala ráðuneytisins en jafnframt vill sveitarstjórn leggja áherslu á, að efla skrifstofur embætta sýslumanna.

Í álitu Ísafjarðarbæjar er lögð áhersla á að aðalskrifstofur sýslumanns og lögreglu verði staðsettar á Ísafirði og enda tryggi sú nálægð skjótari samskipti milli þessara embætta. Einnig er komið inn á að ein skrifstofa geti nægt á svæðinu [norðanverðir Vestfirðir] í ljósi nálægðar byggðarlaga.

Í álitu Bolungarvíkurkaupstaðar er tekið undir áherslur umræðuskjala ráðuneytisins og það fyrirkomulag að aðalskrifstofa sýslumanns verði staðsett í Bolungarvík en rekin yrði áfram skrifstofa á Ísafirði. Minnt er á að starfstöð lögreglu var lokað í Bolungarvík á sínum tíma og þjónustu sinnt síðan frá Ísafirði, á sama hátt geti aðalskrifstofa sýslumanns í Bolungarvík veitt þjónustu frá Bolungarvík til nágrennasvæðis og annarra hluta Vestfjarða.

Kaldrananeshreppur, Súðavíkurhreppur og Árneshreppur skila ekki álitu að þessu sinni.

### **Um flutning aðalskrifstofu sýslumanns og lögreglu.**

Ef litið er til valkosta sem settir eru fram í umræðuskjali þá vill FV á grunni umsagna sveitarfélaga og umsagna sem sendar voru á Alþingi vegna málssins gefa eftirfarandi umsögn.

Varðandi valkost um **ný umdæmamörk** þá leggur FV áherslu á að umdæmamörk falli að núverandi umdæmamörkum landshlutasamtaka og varast ber aðgerðir sem leiði til þess að sveitarfélög finni sig knúinn að fara úr samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Hvað varðar valkosti er tengjast **að draga úr röskun á skipulagi og tryggingu þjónustu** embættana, þá leggur FV áherslu á að efla faglegt sjálfstæði sýsluskrifstofa sem heyra undir Sýslumanninn á Vestfjörðum. Fyrir það fyrsta eru það rök er varða erfiðar heilsársamgöngur sem koma í veg fyrir að íbúar sveitarfélaganna eigi kost á að sækja þjónustu til aðalskrifstofu viðkomandi embættis. Í annan stað með því að efla faglegt sjálfstæði skrifstofa sýslumanns verði fyrst mögulegt að fela þeim víðtækari/sérhæfðari verkefni en almenna þjónustu. Í þriðja lagi yrði að horfa til þess samdráttar sem hefur átt sér stað á undanförunum árum í starfsemi embætta á Hólmavík og Patreksfirði og nýta eigi þetta tækifæri til að bæta þar úr.

Varðandi valkost að **aðalskrifstofa sýslumannsembættis verði í öðru bæjarfélagi en aðalstöð lögregluembættis. Þannig megi komast hjá röskun í byggðalegu tilliti.** Hér telur FV að tillaga um flutning aðalskrifstofu sýslumann frá Ísafirði til Bolungarvíkur þarfnast nánari skýringar við, ef grunnur þeirrar tillögu er byggðaröskun. Byggðaröskun á engan veginn við ef vísað er til erfiðra samgangna, en stutt vegalengd á heilsársvegi og ásamt jarðgöngum tengja þessi tvö sveitarfélög í eitt atvinnu og þjónustusvæði.

Hinsvegar ef horft er til íbúabróunar á síðustu árum þá hefur íbúum á norðanverðum Vestfjörðum fækkað og mikilvægt að halda í þau störf sem til staðar eru. En ef litið er til lengri tíma s.s. 10 ára þá má segja að íbúabróun á Ströndum og Reykhólahreppi sé viðkvæm. Á sunnanverðum Vestfjörðum hefur íbúum fjölgað að nýju á síðustu 4 árum eftir að hafa fækkað mikið á síðustu tveim áratugum. Það er þó fjarri því að svæðið hafi náð fyrri styrk.

Öll framangreind svæði búa því við byggðaröskun og tilflutningur aðalskrifstofu getur aukið vanda eins svæðis á kostnað hins. Ef tekið er mið að umfangi starfsemi þá mætti fremur leggja til að að embætti lögreglustjóra yrði flutt til Patreksfjarðar fremur en flutning aðalskrifstofu sýslumanns.

Í raun er gerð umsagnar um skipulag framkvæmdarvalds á Vestfjörðum vankvæðum bundnar. FV vill nefna tvö meginatriði, annars vegar að aðrar áætlanir stjórnvalda um tilflutning verkefna liggja ekki fyrir. Hér skal vísað til að ekki sé kunnugt um framkvæmd bráðabrigðaákvæði laganna<sup>1</sup>, sem mælir fyrir um gerð aðgerðaráætlunar innanríkisráðherra og forsætisráðherra um afmörkun stjórnsýsluverkefna. Hér skal einnig vísað til að ólokið er úrvinnslu hugmynda Hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar. Seinna atriðið er, að ekki fyrir séð hvenær nauðsynlegum samgönguúrbotum er tryggi heilsárssamgöngur milli svæða verður endanlega lokið. Má segja að umsagnir sveitarfélaganna á Vestfjörðum endurspeglir þessa stöðu m.a. að sveitarfélagið Vesturbyggð lætur að því liggja að því sé ekki sætt í samstarfi innan landshlutans. Ísafjarðarbær leggur áherslu á uppbyggingu sterks þjónustukjarna í slíku samstarfi. Það hlýtur að vera fjarri markmiðum stjórnvalda að verið sé að raska áratuga löngu samstarfi sveitarfélaga við útfærslu tillagana um fyrirkomlag framkvæmdavalds í héraði.

FV leggur því til að aðalskrifstofa sýslumanns verði staðsett á Ísafirði en jafnframt verði starfsemi sýsluskrifstofa í Bolungarvík og á Hólmavík og Patreksfirði eflað verulega. Aðalskrifstofa lögreglu verði staðsett á Patreksfirði og starfsemi lögreglu verði í takt við íbúafjölda og umfang atvinnulífs á hinum þrem atvinnu og þjónustusvæðum á Vestfjörðum. Minnt er á að löggjafinn taldi mikilvægt að tekið yrði til sérstöðu Vestmannaeyja við afgreiðslu frumvarpsins m.t.t. landfræðilegrar einangrunar, íbúafjölda og umfang atvinnulífs. FV telur að sömu sjónarmið gildi fyrir Vestfirði við útfærslu þessa verkefnis.

Til vara leggur FV til að endanleg ákvörðun um staðsetningu aðalskrifstofu sýslumanns og lögreglu verði frestað, þar til fyrir liggja afmörkun stjórnsýsluverkefna ráðuneyta og undirstofnana þeirra um þau verkefni sem teljast ákjósanleg til flutnings á embættin. Þannig skapist svigrúm til að jafna verkefnum niður en samt halda í ákveðna stærð aðalskrifstofu sýslumanns og aðalskrifstofu lögreglu.

---

<sup>1</sup> Ákvæði til bráðabrigða III lög nr 50/2014. Við samþykkt laga þessara skal ráðherra í samstarfi við forsætisráðherra láta semja aðgerðaáætlun fyrir Stjórnarráðið þar sem afmörkuð skulu þau stjórnsýsluverkefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra sem talið er ákjósanlegt að flutt verði til embætta sýslumanna. Skal aðgerðaáætlun um flutning tilgreindra verkefna liggja fyrir ekki síðar en 1. janúar 2015.

### **Aðrar tillögur.**

FV styður að starfsemi sýslumanna verði eflað með tilfærslu verkefna en ákvarðanir í þeim efnum verður að vera nánu samráði við sveitarfélögin. Minnt er á markmið um eflingu sveitarstjórnarstigsins með tilflutningi verkefna og skoðað verði í samhengi hvort verkefni geti alveg eins verið flutt til sveitarfélaga eða samstarfsvettvangs sveitarfélaga. Bæði stjórnsýslustigin hafa áhuga fyrir uppbyggingu þjónustumiðstöðva innan skilgreindra svæða og nýta á þetta tækifæri til að ræða nánari útfærslu þeirra.

FV hefur ekki beinar tillögur um verkefni sem flytja má til sýslumannsembætta en vísar til tillagna m.a. skýrslu til innanríkisráðherra um breytingar á skipan sýslumannsembætta<sup>2</sup> sem nú þegar hefur verið hrint að hluta í framkvæmd samanber lög nr 145/2013. Bent er einnig á markmið sem sett voru fram í skýrslu hagræðingarhóps um flutning verkefna þó ekki beinar tillögur er varða verkefni sýslumanna.

FV vill benda á ný verkefni geta nú komið fram í nýjum atvinnugreinum s.s. fiskeldi og ferðaþjónustu. FV leggur til lagt er til að kannað hvort þessi uppbygging kalli á aukna þjónustu fyrir þessar atvinnugreinar nú eða leyfisveitingar og eftirlit með slíkri starfsemi geti fallið að verkefnum sýslumanna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga.

---

<sup>2</sup> [http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur\\_til\\_radherra/nr/7175](http://www.innanrikisraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur_til_radherra/nr/7175)